

ráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skyllt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Siglufjarðarkaupstaðar nr. 93, 6. júní 1963 og fundarsköp fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar nr. 92, 6. júní 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 210.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóður bænda 1978.

Rekstrarreikningur 31. desember 1978.

Tekjur:

Iðgjöld framleiðenda 1978 skv. áætlun stjórnar	kr.	284 639 000
Iðgjöld neytenda 1978 skv. áætlun stjórnar	—	526 610 000
Iðgjöld framleiðenda 1977, hækkun	—	3 303 004
Iðgjöld neytenda 1977, lækkun	—	÷11 463 000
Iðgjöld launþega	—	230 190
Iðgjöld vinnuveitenda	—	344 080
Réttindaflutningur	—	÷2 439 278
Endurgreidd iðgjöld	—	÷731 032
Framl. Ríkissjóðs Íslands vegna lífeyrisgr.	—	139 951 362
Framl. Stofnlánadeildar landb. v/lífeyrisgr.	—	83 979 207

Iðgjöld kr. 1 024 423 533

Gjöld:

Lífeyrisgreiðslur	kr.	564 819 161
Iðgjöld — Lífeyrisgreiðslur	kr.	459 604 372
Lífeyrisgreiðslur vegna umsjónarnefndar eftirlauna	kr.	13 611 999

Vaxtatekjur	—	272 257 730
Visitóluálag	—	285 269 182
Fjármagnsgjöld	—	÷ 731 351
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	—	556 795 561
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	kr.	12 381 526
<hr/>		
Laun og launatengd gjöld	—	4 998 837
Annar kostnaður	—	7 382 689
Afskriftir	kr.	33 028
<hr/>		
Tekjuafgangur til ráðstöfunar	kr.	990 373 380

Efnahagsreikningur 31. desember 1978.

Eignir :

Veltufjármunir:		
Handbært fé, bankainnstæður	kr.	266 142 806
<hr/>		
Skammtímakröfur	kr.	265 502 357
<hr/>		
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	202 892 357
Ríkissjóður Íslands v/framlags neytenda	—	62 610 000
Veltufjármunir	kr.	531 645 163
<hr/>		
Fastafjármunir:		
Skuldabréf Framkvæmdasjóðs Íslands, nafnverð	kr.	346 013 953
<hr/>		
Áfallin vísitala Framkvæmdasjóðs Íslands	—	299 257 426
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	233 345 602
Áfallin vísitala Stofnlánadeildar landbúnaðarins	—	95 147 047
Skuldabréf Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nafnverð	—	261 166 665
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	870 308 335
Langtímakröfur og áhættufjármunir	kr.	2 105 239 028
<hr/>		
Varanlegir fjármunir, skrifstofuáhöld	kr.	198 172
<hr/>		
Fastafjármunir	kr.	2 105 437 200
<hr/>		
Eignir samtals	kr.	2 637 082 363

Skuldir og eigið fé:

Höfuðstóll 1. janúar 1978	kr.	1 646 708 983
<hr/>		
Tekjuafgangur 1978 til ráðstöfunar	kr.	990 373 380
<hr/>		
Eigið fé	kr.	2 637 082 363

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bændu, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1978

og efnahagsreikning 31. desember 1978, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 16. febrúar 1979.

Vigfús Gunnarsson, Einar Sverrisson.
lögg. endurskoðandi.

4. maí 1979.

Nr. 211.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1979 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. maí 1979.

Nr. 212.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 833.00
Millifiskur nr. 1	— 777.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 672.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 620.00

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 6%, er miðast við varðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.